



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

KVENNASVIÐ

Ómskoðun

í tvíburameðgöngu



Ómskoðun í tvíburameðgöngu

Mælt er með að konur í tvíburameðgöngu fái þéttara eftirlit í meðgöngunni en í einburameðgöngu. Mæðraskoðun og ómskoðun er skipulögð oftast til að fylgjast með vexti, legvatnsmagni og legu barnanna.

Tíðni tvíburafæðinga er 1 af hverjum 90 þungunum (rúmlega 1%). Ef tækni-frjóvganir eru teknar með er það 1 af hverjum 72. Um það bil 2/3 allra tvíbura eru af sama kyni.

Eineggja tvíburar (monozygotic)

Einn þriðji allra tvíbura er eineggja. Eitt frjóvgað egg skiptist í tvennt og til verða tveir líkir einstaklingar með sömu erfða- eiginleika og alltaf af sama kyni. Af hverjum 100 eru 98 eineggja tvíbura hvor í sínum vatnsbelg og oftast er þá bara einn æðabelgur og ein fylgja, eða í um 70 - 80% tilvika.

Ef frjóvgaða eggidið skiptir sér á fyrstu þremur sólarhringunum eftir frjóvgun myndast þó tveir vatnsbelgir og tveir æðabelgir eins og um tvíeggja þungun væri að ræða. Um 2% eineggja tvíbura eru í sama vatnsbelg og tíðni fósturláta í slíkum tilfellum er 50 - 75%.



Einn fóstursekkur með tveimur nestispokum og fósturvísnum (diamond ring sign) 6 vikur



Þunn belgjaskil T-sign, aðeins tvær þunnar himnur skilja fósturin að, fylgjuvefur kemur ekki á milli himnanna

Tvíeggja tvíburar (dizygotic)

Tveir þriðju allra tvíbura eru tvíeggja. Tvö egg frjóvgast og til verða tveir ólíkir einstaklingar, sem geta verið af sama kyni eða sitt hvoru kyninu. Hjá tvíeggja tvíbúrum eru alltaf tveir vatnsbelgir, tveir æðabelgir og tvær fylgjur.



Tveir kollar þykk belgjaskil á milli



Lambda sign, vatnsbelgir og æðabelgir með fylgjuvef aðskilja fóstrin

Með ómskoðun er oft hægt að greina hvort tvíburar eru eineggja eða tvíeggja. Mikilvægt er að greina skilin milli belgjanna til að sjá hvort um eineggja eða tvíeggja tvíbura er að ræða. Best er að þáð á fyrstu mánuðum meðgöngunnar. Eftirlit á meðgöngunni er skipulagt samkvæmt því. Öllum konum stendur í dag til boða að koma í ómskoðun í 11. - 14. viku og aftur í 19. - 20. viku. (sjá bækling “Fósturgreining á meðgöngu”).

Flest börn fæðast heilbrigð, það er þó ekki sjálfgefið. Í einstaka tilfellum finnast mjög alvarlegir fósturgallar þar sem barninu er ekki hugað líf eða búist er við mikilli andlegri og/eða líkamlegri fötlun þess. Einnig greinast vandamál sem jafnvel lagast af sjálfu sér eða hægt er að lækna með aðgerð eftir fæðingu.

- Líkur á fósturgöllum í tvíburameðgöngum eru þrisvar sinnum meiri en í einbura meðgöngu.
- Líkur á litningagöllum hjá tvíeggja tvíbúrum eru tvisvar sinnum meiri en í einbura meðgöngu.
- Líkur á litningagöllum hjá eineggja tvíbúrum eru þær sömu og í einbura meðgöngu.

Ath: Nauðsynlegt er fyrir foreldra í tvíburamedgöngu að íhuga vel eftirfarandi spurningar áður en farið er í fósturgreiningu.

1. Vil ég fósturgreiningu til að undirbúa mig fyrir móttöku einstaklings með fósturgalla ef slíkt myndi greinast?
2. Ef í ljós kemur að annað barnið eða bæði eru með fósturgalla, hvað vil ég þá gera?
 - vil ég ljúka meðgöngunni fyrir bæði fósturin?
 - vil ég valfóstureyðingu fyrir veika fóstrið?
(Þá er hættu á fósturláti hjá heilbrigða fósturin. Það fer eftir meðgöngulengd hversu mikil sú hættu er og og einnig eftir því hvort um eineggja eða tvíeggja tvíbura er að ræða). Þessar aðgerðir eru gerðar á sérhæfðri deild erlendis.
 - vil ég bíða átekta og sjá hverju framvindur?
3. Vil ég greiningarpróf (legástungu) ef auknar líkur á litningagalla koma í ljós í 11 - 14 vikna skimun. Líkur á fósturláti vegna legástungu eru um það bil 1 - 2%.

Ómskoðanir

Mælt er með að fylgst sé vel með vexti, legvatnsmagni og legu barna í tvíburamedgöngum, þar sem líkur á vaxtarfrávikum eru meiri en í einbura meðgöngu.

Eineggja tvíburar

Eineggja tvíburar hafa sameiginlega fylgju. Viss hættu er á því að annað barnið fái meiri næringu en hitt og er gott að vita það snemma. Þess vegna er mælt með auka ómskoðunum við 16. og 26. viku meðgöngu. Mælt er með að mæðraeftirlit kvenna með eineggja tvíbura fari fram í tengslum við fósturgreiningu - mæðravernd á LSH.

Tvíeggja tvíburar

Mæðravernd fer alla jafna fram hjá ljósmóður/heilsugæslulækni á heilsugæslu-
stöð, ef engir aðrir áhættuþættir eru til staðar.

Eftirfarandi tímar fyrir ómskoðanir eru bestir:

	<input type="checkbox"/> Eineggja tvíburar	<input type="checkbox"/> Tvíeggja tvíburar
	dags. kl.	dags. kl.
16 vikur		
20 vikur		
26 vikur		
30 vikur		
33 vikur		
36 vikur		

Landspítali - háskólasjúkrahús

Sími:

Skiptiborð - sólarhringsþjónusta 543 1000

Fósturgreiningadeild - opið 8:00 - 16:00 543 3256

Gagnlegar heimasíður:

www.landspitali.is

www.gen.is

www.geneticismadeeasy.com

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
KVENNASVIÐ
FÓSTURGREININGAEILD

1. ÚTGÁFA - OKTÓBER 1994
2. ÚTGÁFA - DESEMBER 2003
3. ÚTGÁFA - FERBRÚAR 2007

HÖFUNDAR OG ÁBYRGÐARMENN:
MARÍA HREINSDÓTTIR OG HULDA HIARTARDÓTTIR

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LJÓSMYND: MBL.IS